

Ár 2008, fimmtdaginn 6. mars, kemur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. **2/2007**:

A

og

B

Úrskurðinn kveða upp Greta Baldursdóttir lögfræðingur, skipaður formaður ad hoc samkvæmt bréfi Biskupsstofu 29. janúar 2008, Arnfríður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn S. Hákonarson.

Upp er kveðinn svohljóðandi:

Ú R S K U R Ð U R

I

Málshefjandi, sem hér eftir verður nefndur sóknaraðili málsins, er A, en gagnaðili, sem hér eftir verður nefndur varnaraðili málsins, er B.

Kröfur sóknaraðila eru að varnaraðili verði láttinn sæta ábyrgð vegna ósannra fullyrðinga hans um meintar játningar sóknaraðila á meintu glæpsamlegu athæfi þriðja aðila, þ.e. eiginmanns hennar C. Gerir sóknaraðili þær kröfur að varnaraðila verði settar þær skorður frá hendi úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar sem duga muni til að veita sóknaraðila persónulegan og starfslegan frið og verði honum vegna framgöngu sinnar gagnvart sóknaraðila, veitt áminning samkvæmt a lið 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Kröfur varnaraðila eru aðallega að kærunni verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar en til vara að hann verði algerlega sýknaður af kröfum sóknaraðila.

II

Upphaf máls þessa má rekja til þess að fjögur sóknarbörn i ...sókn kærðu varnaraðila til siðanefndar Prestafélags Íslands vegna orða sem hann létt falla í ræðu sem hann hélt á aðalsafnaðarfundi i ...sókn sem haldinn var 30. ágúst 2005, en deilur höfðu verið um nokkurt skeið i sókninni. Í tilefni af kærunni sendi varnaraðili siðanefnd Prestafélags Íslands greinargerð sína. Í lokamálgrein þeirrar greinargerðar segir að ef siðanefnd Prestafélags Íslands telji að málid eigi að sæta málsmeðferð hjá siðanefndinni áskilji varnaraðili sér rétt til

að leggja fram frekari rökstuðning og gögn. Sé þar af nágu að taka eins og fram komi í minnisgreinum hans og þeim fjölmörgu málsskjölum vegna þessa dapurlega máls. Í þessu sambandi höggvi sá er hlífa skyldi eða öllu heldur sá sem hlíft hafi verið. Megi í því sambandi nefna „*leynilega hlerun C á trúnaðarfundi hans með undirrituðum eins og hann og kona hans hafa játað fyrir þremur vottum.*“

Sóknaraðili kveðst hafa séð framangreinda greinargerð varnaraðila rétt fyrir páská 2007. Fannst henni að með þeim orðum sem að ofan eru skáletruð væri að henni vegið með ásö kunum í hennar garð sem væru helber ósannindi og mjög alvarleg aðför að heiðri hennar. Af þessu tilefni sendi hún biskup Íslands kæru á hendur varnaraðila, dagsetta 13. apríl 2007, vegna alvarlegrar staðhæfingar hans um að hún hefði játað hleranir. Biskupsstofa framsendi erindið úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar með bréfi 2. maí 2007 með þeirri skýringu að ekki væri að svo stöddu séð að erindið ætti að hljóta meðferð biskups Íslands með vísan til 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og ákvæða starfsreglna nr. 730/1998. Sama dag var sóknaraðila tilkynnt um framsendingu erindis hennar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hélt fund hinn 4. júní 2007 og var erindi sóknaraðila tekið til umfjöllunar á fundinum. Í kjölfarið var sóknaraðila með bréfi 6. júní 2007 gefinn kostur á að gefa nefndinni frekari skýringar á því með hvaða hætti hún teldi sig geta kvartað til nefndarinnar vegna tilgreindra ummæla varnaraðila. Varnaraðila var tilkynnt um erindi sóknaraðila sama dag.

Greinargerð sóknaraðila er dagsett 16. júlí 2007 og var hún lögð fram á fundi nefndarinnar 17. júlí 2007 þar sem sóknaraðili mætti ásamt lögmanni sínum. Á fundinum tók nefndin ákvörðun um að taka mál þetta til efnislegrar meðferðar og með bréfi 19. júlí 2007 var varnaraðila tilkynnt um þá ákvörðun. Greinargerð varnaraðila er dagsett 20. ágúst 2007 og var hún lögð fram á fundi nefndarinnar 21. ágúst 2007 en á fundinn mættu sóknaraðili ásamt lögmanni sínum og varnaraðili.

Með bréfi nefndarinnar 21. ágúst 2007 var lögmanni sóknaraðila og varnaraðila tilkynnt um næsta fund nefndarinnar og skorað á varnaraðila að leggja fram þau gögn sem hann vitnaði til í greinargerð sinni. Þá var aðilum tilkynnt um þá ákvörðun nefndarinnar að málið yrði flutt munnlega. Á fundi nefndarinnar 28. ágúst 2007 þar sem aðilar mættu með lögmönnum sínum voru af hálfu varnaraðila lögð fram umbeðin gögn og var ákveðið að gefa frekari frest til gagnaöflunar til 7. september 2007. Þá var ákveðið að málið yrði flutt munnlega hinn 23. október 2007.

Eftir fyrrgreindan fund komu upp vangaveltur um vanhæfi formanns nefndarinnar vegna tengsla hennar við lögmann sóknaraðila og jafnvel um vanhæfi annarra nefndarmanna. Tók formaður nefndarinnar ákvörðun um að víkja sæti af þessu tilefni en ekki þóttu efni til að aðrir nefndarmenn vikju sæti. Í kjölfar þess að formaður vék sæti í máli þessu var Greta Baldursdóttir skipaður formaður ad hoc í því með bréfi Biskupsstofu 29. janúar 2008. Var málið tekið fyrir með nýjum formanni hinn 12. febrúar 2008 og á þann fund mættu sóknaraðili og lögmenn aðila og var þá bókuð sú niðurstaða nefndarinnar að aðrir nefndarmenn teldu ekki efni til að víkja sæti i málinu og voru ekki gerðar athugasemdir við þá ákvörðun nefndarinnar. Hinn 19. febrúar 2008 fór fram munnlegur málflutningur í málinu og það tekið til úrskurðar i kjölfarið.

III

Kröfur sóknaraðila byggjast á því að í greinargerð varnaraðila til siðanefndar Prestafélags Íslands vegna kærumáls á hendur honum komi fram eftirfarandi setning: „*Má i því sambandi nefna leynglegra hlerun C á trúnaðarfundi hans með undirrituðum eins og hann og kona hans hafa játað fyrir þremur vottum.*“

Sóknaraðili, sem er eiginkona C, kveður þessar alvarlegu ásakanir varnaraðila á hendur henni um meinta játningu vegna meints glæpsamlegs athæfis eiginmanns hennar vera helber ósannindi og mjög alvarlega aðför að heiðri hennar. Líti hún þetta alvarlegum augum. Svo alvarlegar aðdróttanir séu nú settar fram í tilefni af meðferð óskyldra mála og séu til þess fallnar að varpa rýrð á heilindi hennar. Sé staðhæfing varnaraðila jafnframt það alvarleg og sett í það samhengi að draga megi í efa sannleiksgildi annars sem hann hafi skrifat eða látið frá sér fara um þetta mál. Að mati sóknaraðila sé hér um að ræða alvarlega meingerð gegn persónu hennar og starfsheiðri og felist í tilvitnuðum orðum varnaraðila fyrirvaralaus fullyrðing um háttsemi.

Að mati sóknaraðila sé mjög undarlegt að varnaraðili skuli nú koma fram með þessar ásakanir um meintar hleranir þegar í allri þeiri umfjöllun sem verið hafi um málefni ...sóknar á árunum 2004 til 2006 hafi hvergi komið fram í gögnum málsins að sóknaraðili hafi verið ásökuð um eða hún viðurkennt að hafa vitað af eða aðstoðað við meinta hlerun á trúnaðarfundi varnaraðila og eiginmanns hennar. Þeim mun alvarlegri séu þessar ásakanir sem varnaraðili komi fram með nú um þremur árum síðar.

Um þá kröfu sína að varnaraðili verði láttinn sæta ábyrgð vegna ósannra fullyrðinga hans um meintar játningar sóknaraðila á glæpsamlegu athæfi eiginmanns hennar bendir sóknaraðili á að það að bera ljúgvitni til að koma þriðja aðila illa sé alvarlegt brot gegn almennum hegningarlögum og því séu ásakanir varnaraðila því alvarlegri.

Kemur fram hjá sóknaraðila að í greinagerð varnaraðila til siðanefndar Prestafélags Íslands komi fram að hann telji að siðareglur presta gildi ekki um prófasta og störf þeirra. Spyr sóknaraðili því hvort eðlilegt sé að ætla það að prófostum sé heimilt að haga sér eins og þeim sýnist án tillits til vígslu þeirra og þeirra siðareglna sem gildi um störf vigðra manna kirkjunnar.

Eigi varnaraðila ekki að líðast að koma fram með hvaða tilbúnu ásökun sem honum detti í hug gagnvart sóknaraðila og því fari hún fram á að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar setji varnaraðila þær skorður sem duga muni til að veita sóknaraðila persónulegan og starfslegan frið.

Gerir hún kröfu um að beitt verði úrræðum samkvæmt 3.-4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar og sé viðeigandi að veita honum áminningu vegna framgöngu hans gagnvart sóknaraðila.

IV

Varnaraðili byggir kröfur sínar um frávísun á því að kæra sóknaraðila falli ekki undir ágreining í kirkjustarfi. Sé því í tilfelli varnaraðila ekki um ágreiningsmál að ræða enda hafi hann aldrei átt í deilum við nokkurn mann vegna þessa máls. Hljóti kæran að falla utan verksviðs úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar þegar litið sé til 3. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd en þar segi að með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi sé átt við ágreining milli þeirra aðila sem taldir séu upp í 4. gr. og varði með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar.

Þá felist kröfugerð sóknaraðila í óljósri ósk til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar um að varnaraðila verði settar skorður sem duga muni til að veita henni persónulegan og starfslegan frið. Ekki fylgi nein sönnun þess að hún hafi orðið fyrir áreitni af hálfu varnaraðila, hvorki persónulega né á starfsvettvangi hennar. Hún vilji ekki að varnaraðila líðist að koma fram með hvaða tilbúnu ásökun sem honum detti í hug gagnvart henni. Hafi varnaraðili ekki komið með neina ásökun gagnvart sóknaraðila heldur eingöngu vísað til framkominna gagna sem liggi fyrir og hafi legið fyrir í rúm þrjú ár.

Að mati varnaraðila sé vandséð hvernig nefndin eigi að geta úrskurðað þar sem hann hafi aldrei haft nein samskipti við sóknaraðila að undanskildum fáeinum tilvikum sem tengist kirkjulegum athöfnum þar sem eiginmaður sóknaraðila hafi átt hlut að máli og hafi það allt farið kurteislega fram að hans mati. Við eiginmann sóknaraðila hafi varnaraðili ekki átt nein samskipti í rúm þrjú ár.

Sé óljóst hvernig nefndin eigi að geta orðið við kröfum sóknaraðila þegar horft sé til þeirra úrræða sem nefndin hafi, sbr. 17. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998.

Með hliðsjón af framangreindu virðist liggja beint við að mál þetta heyri á engan hátt undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Kröfu sína um sýknu færir varnaraðili eftirfarandi rök. Í greinargerð hans til siðanefndar Prestafélags Íslands 10. júní 2006 segi í lokaorðum: „....áskilur undirritaður sér rétt til að leggja fram frekari stuðning og gögn. Þar er af nógu að taka eins og fram kemur í minnisgreinum mínum og fjölmörgum málsskjölum vegna þessa dapurlega máls. Í þessu máli heggur sá er hlífa skyldi eða öllu heldur sá sem hlíft hefur verið. Þar má nefna leynilega hlerun C á trúnaðarfundi hans með undirrituðum eins og hann og kona hans hafa játað fyrir þremur vottum.” Skuli tekið fram að sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi ekki játað þetta fyrir varnaraðila. Ekki sé heldur átt við að sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi játað sameiginlega fyrir þremur vottum, en samkvæmt upplýsingum þessara þriggja votta hafi það gerst með þeim hætti að sóknaraðili og eiginmaður hennar hafi játað atferlið fyrir D og daginn eftir hafi eiginmaður sóknaraðila játað þetta fyrir E formanni sóknarnefndar og F varaformanni sóknarnefndar.

Á fundi tiltölulega snemma í sáttaverli því sem hafi hafist um mánaðarmótin janúar/febrúar 2004 vegna deilna í ...sókn, hafi fyrgreindir formaður og varaformaður sóknarnefndar sagt varnaraðila frá umræddri upptöku og hafi þeir verið reiðubúnir til að staðfesta þann framburð yrði þess krafist. Þegar vitneskjan um upptökuna hafi borist þessu valinkunna kirkjufólki hafi umrætt sáttaverli verið á frumstigi og enginn átt von á öðru en sættir næðust og því hafi varnaraðili látið málið kyrrt liggja. Komi fram í greinargerð F 17. júlí 2004 að C hafi játað fyrir honum og varaformanni sóknarnefndar að hann hefði komið með upptökutæki innanklæða á sinn fyrsta sáttafund með yfirmanni sínum, varnaraðila máls þessa, og tekið upp fundinn, sem hann og sóknaraðili hafi síðan sagt að hefði verið eins og fyrstu gráðu yfirheyrsla. Spóluna hafi C lofað formanni og varaformanni sóknarnefndar að eyðileggja og láta vita um leið og því verki væri lokið. Hann hafi hins vegar ekki komið með neinar staðfestingar varðandi eyðileggingu gagnanna.

Þá komi fram í tölvupósti F til varnaraðila 19. ágúst 2007 að C hafi lofað að afhenda formanni sóknarnefndar spóluna til eyðileggingar ásamt tækjum og yrði þá ekki um þetta mál rætt. C hafi hins vegar ekki staðið við þetta þrátt fyrir ítrekaðar óskir þess efnis.

Að því sem nú hafi verið rakið sé ljóst að orð varnaraðila í greinargerð til siðanefndar Prestafélags Íslands, sem sé reyndar ekki opinbert skjal, séu fjarri því að vera nýtt innlegg i málið heldur sé þar eingöngu vísað til staðreynda sem fyrir hafi legið í málsskjölum og öllum átt að vera kunnar. Líti varnaraðili trúnaðarbrot eins og upptöku á trúnaðarsamtali alvarlegum augum og sé full ástæða til að draga það fram í dagsljósið að nýju en það væri þá hlutverk þeirra sem gæti laga og réttar að taka á því máli.

Þá kveður varnaraðili vera spurningu um aðild málsins hjá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Í 4. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd nr. 730/1998 segi að allir sem hagsmuna eigi að gæta geti borið mál undir úrskurðarnefnd, svo sem kirkjustjórnin, sóknarnefnd, einstakir starfsmann kirkjunnar og aðrir sem starfa innan kirkjunnar. Sé ljóst að greinin taki ekki til sóknarbarna almennt né þeirra sem standi utan kirkjunnar. Verði ekki séð að sóknaraðili falli í þennan hóp.

V

Varnaraðili byggir fyrst og fremst á því að mál þetta eigi ekki undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar þar sem það falli ekki undir ágreining í kirkjustarfí auk þess sem sóknaraðili eigi ekki aðild að slíku máli. Vísar hann í því sambandi til 3. og 4. gr. starfsreglna um úrskurðarnefndina nr. 730/1998. Umræddar starfsreglur eru settar á grundvelli laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Í 1. mgr. 12. gr. þeirra laga segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot, geti þá hver sem hagsmuni eigi að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Samkvæmt þessu má bera undir nefndina annars vegar ágreining sem rís á kirkjulegum vettvangi og hins vegar ágreining um hvort starfsmaður þjóðkirkjunnar hefur gerst sekur um siðferðis- eða agabrot gagnvart þeim sem þannig vill bera erindi undir nefndina.

Málatilbúnaður sóknaraðila verður ekki skilinn á annan veg en að hún telji að varnaraðili, sem er starfsmaður þjóðkirkjunnar, hafi gerst sekur um siðferðis- eða agabrot gagnvart henni. Hlýtur sóknaraðili því með vísan til framangreinds ákvæðis 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 að hafa af því hagsmuni að bera málið undir nefndina og geta reglur sem settar eru á grundvelli þeirra laga ekki takmarkað þann rétt sem sóknaraðili á samkvæmt skýtu orðalagi laganna. Þá er þess að geta að í 3. gr. starfsreglnanna er einungis verið að skilgreina hvað átt sé við með kirkjulegum vettvangi og vísað í því sambandi til ágreinings milli aðila sem taldir eru upp í 4. gr. reglnanna og varði með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar. Í 4. gr. segir að allir sem hagsmuni hafi að gæta geti borið mál undir úrskurðarnefnd og þar taldir upp nokkrir aðilar í dæmaskyni og fer því fjarri að sú upptalning sé tæmandi. Verður því með engu móti séð framangreindar reglur girði fyrir að sóknaraðili

geti borið ágreining þann sem hér er til umfjöllunar undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar og eru því ekki efni til að verða við kröfum varnaraðila um að málinu verði vísað frá nefndinni.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila að kröfugerð sóknaraðila sé óljós en hún telur tiltekin ummæli hans í greinargerð til siðanefndar Prestafélags Íslands ámælisverð. Þau ummæli sem hún þannig vitnar til eru orðrétt: „**Þar má nefna leynilega hlerun C á trúnaðarfundi hans með undirrituðum eins og hann og kona hans hafa játað fyrir þremur vottum.**“ Telur sóknaraðili að þarna fari varnaraðili með alvarlegar ásakanir á hendur henni um meinta játningu hennar á meintu glæpsamlegu athæfi eiginmanns hennar. Þetta séu helber ósannindi og mjög alvarleg aðför að heiðri hennar og séu þau til þess fallin að varpa rýrð á heilindi hennar. Af þessu má ráða að sóknaraðili líti svo á að varnaraðili hafi með þessum orðum gerst sekur um siðferðis- og/eða agabrot gagnvart henni.

Ámælisverð háttsemi starfsmanns þjóðkirkjunnar kann að fela í sér bæði siðferðisbrot og agabrot eða annað hvort. Hefur hugtakið siðferðisbrot óljósa merkingu að lögum en ljóst er að siðferðisbrot þarf ekki að vera brot á lögum og enn síður að vera refsivert brot. Við mat á því hvort starfsmaður kirkjunnar hefur framið siðferðisbrot skiptir máli hver staða viðkomandi er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verða gerðar strangar kröfur til starfsmanna kirkjunnar um að þeir gæti velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar sem þeir starfa hjá og eru í fyrirsvari fyrir. Hvað snertir hugtakið agabrot þá er það yfirleitt bundið við brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara. Ekki verður séð að umdeild ummæli varnaraðila í greinargerð hans til siðanefndar Prestafélags Íslands feli í sér agabrot af neinu tagi og kemur því til álita hvort ummælin hafi verið siðferðislega ámælisverð.

Við mat á því hvort ummælin hafi verið siðferðislega ámælisverð er þess að geta að umrædd orð voru sett fram í greinargerð sem varnaraðili sendi siðanefnd Prestafélags Íslands af því tilefni að hann var kærður til nefndarinnar af fjórum aðilum, en sóknaraðili var ekki aðili þess máls. Eins og greinir í 3. gr. reglna um siðanefnd Prestafélags Íslands á siðanefndin að gæta fyllsta trúnaðar og nafnleyndar varðandi öll málsgögn vegna meðferðar mála fyrir nefndinni. Var þessum orðum í greinargerð varnaraðila því ekki ætlað að koma fyrir annarra augu en siðanefndarinnar og þeirra sem aðild áttu að umræddu máli.

Í umdeildum ummælum er talað um leynilega hlerun C, eiginmanns sóknaraðila, á trúnaðarfundi hans og varnaraðila sem C og sóknaraðili hafi játað fyrir þremur aðilum. Hvað snertir tilvísun varnaraðila til sóknaraðila í umdeildum ummælum þá verða orð hans ekki skilin á annan veg en að sóknaraðili hafi viðurkennt það i vitna viðurvist að umrædd leynileg hlerun hafi átt sér stað. Má skilja orðalag

varnaraðila þannig að þau hjónin hafi sameiginlega viðurkennt þetta hjá þremur aðilum en við meðferð málsins hefur komið í ljós að varnaraðili heldur því aðeins fram að sóknaraðili hafi viðurkennt umrætt atvik fyrir einum nafngreindum aðila en eiginmaður hennar fyrir þremur nafngreindum aðilum.

Það er ekki viðfangsefni þessarar nefndar að fjalla um það hvort sóknaraðili hafi eða hafi ekki viðurkennt umdeilda hlerun fyrir umræddum aðila heldur hvort varnaraðili hafi með ummælum sínum gerst sekur um siðferðisbrot gagnvart sóknaraðila. Eins og umdeild ummæli eru sett fram þá má misskilja þau og eru þau því óheppilega orðuð og því gagnrýniverð. Hins vegar verður ekki séð að í þeim felist alvarlegar aðdróttanir í garð sóknaraðila. Að þessu virtu og með hliðsjón af því hvar umrædd ummæli birtust þykja ummælin því ekki vera aðför að heiðri sóknaraðila þannig að varnaraðili teljist hafa framið siðferðisbrot gagnvart henni. Eru því ekki efni til að áminna varnaraðila eða beita hann öðrum viðurlögum samkvæmt 2.-4 mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 og verður kröfum sóknaraðila því hafnað í máli þessu.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Hafnað er kröfum varnaraðila, B, þess efnis að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Hafnað er kröfum sóknaraðila, A, þess efnis að varnaraðila verði veitt áminning eða honum gert að sæta öðrum viðurlögum samkvæmt 2.-4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar samkvæmt 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum er tilkynnt um hann.

Greta Baldursdóttir

Amfíður Einarsdóttir

Hreinn S. Hákonarson

Rétt endurrit staðfest

6. mars 2008

